

Mál nr. 273/2014
M og
V-1 vegna bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B
og V-2 vegna bifreiðarinnar C.

Árekstur bifreiða á Hallsvegi þ. 18.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1
2. Bréf V-1 dags. 10.9.2014 ásamt fylgiskjali 1-2
3. Bréf V-2 dags. 21.8.2014.
4. Bréf M dags. 9.10.2014.

Málsatvik.

Ökumaður A tók ólöglega U beygju á Hallsvegi. Ökumaður B snögghemlaði vegna þessa og tókst að koma í veg fyrir árekstur við A, en ökumaður C náði ekki að stöðva bifreið sína og lenti hún aftan á B. Ökumaður A segist hafa tekið ólöglega U beygju í umrætt sinn. Ökumaður B segist hafa ekið á um 10 km. hraða þegar A var skyndilega beygt í U beygju án þess að nein merki væru gefin um þá fyrirætlun. Ökumaður C segist hafa ekið á um 10 km. hraða og búist við að umferðin gengi með eðlilegum hætti, en síðan hafi ökumaður B snögghemlað og hafi ökumaður C ekki náð að hemla í tæka tíð og árekstur orðið.

Álit.

Ökumaður A beygði til vinstri yfir óbrotna línu til að taka U beygju, án þess að gefa stefnumerki og ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B þurfti að snögghemla vegna aksturslags ökumanns A, en þá lenti C aftan á B. Ökumaður C gætti þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiða sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að leggja helming sakar á ökumann A og helming sakar á ökumann C.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber helming sakar og ökumaður C ber helming sakar.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.